

# Lög Foreldrafélags Grunnskóla Reyðarfjarðar

## 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar  
Og kennitalan er 501111-1980

## 2. grein

Heimili og varnarþing þess er Heiðarvegur 14a Reyðarfirði

## 3. grein

Tilgangur félagsins:

- að vinna að heilsu og hamingju nemenda og styrkja skólann í hvívetna.
- að efla tengsl heimila og skóla.
- að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu nemenda og skólans.

## 4. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- að efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans.
- að efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans.
- að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.

## 5. grein

Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda Grunnskóla Reyðarfjarðar

## 6. grein

Stjórn félagsins er skipuð fimm aðilum.

Stjórnina skipa: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta fundi. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn en að minnsta kosti tveir stjórnarmenn til tveggja ára,

## 7. grein

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi, eitt gjald er fyrir hvert heimili.

## 8. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir 15. október ár hvert og skal hann boðaður með sjö daga fyrirvara. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá fundarins skal vera:

- skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- lagabreytingar.
- kosning stjórnarmeðlima.
- önnur mál.

## 9. grein

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og skal það kynnt í fundarboði með minnst viku fyrirvara.

## 10. grein

Slit foreldrafélagsins.

-ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi og renna þá eignir þess til Grunnskóla Reyðarfjarðar